

---

# Ársreikningur samstæðu 2017



# Efnisyfirlit

---

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra.....	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda.....	4 - 7
Rekstrarreikningur.....	8
Yfirlit um heildarafkomu.....	9
Efnahagsreikningur.....	10
Eiginfjáryfirlit.....	11
Sjóðstreymisyfirlit.....	12
Skýringar.....	13 - 34
<b>Víðauki:</b>	
Stjórnarháttayfirlýsing.....	35-36
Ófjárhagslegar upplýsingar.....	37
Ársfjórðungsyfirlit.....	38

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans, samanber skýringu 16, fyrir árið 2017.

## Rekstur ársins 2017

Síminn er í fararbroddi á íslenskum fjarskiptamarkaði og veitir viðskiptavinum heildstætt vöruframboð á sviði fjarskipta, afþreyingar og upplýsingatækni, hvort sem um einstaklinga eða fyrirtæki er að ræða.

Heildartekjur samstæðunnar á árinu voru 28.433 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 29.572 m.kr. á árinu 2016. Hagnaður var af rekstri samstæðunnar sem nam 3.076 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 2.755 m.kr. á árinu 2016. Eignir samstæðunnar námu 60.612 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 36.281 m.kr. og var eiginfjárhlutfallið 59,9%. Félagið greiddi á árinu arð að fjárhæð 275 m.kr. til hluthafa sinna. Að öðru leyti vísast til ársreiknings um breytingar á eigin fé samstæðunnar.

Á aðalfundi Símans hf. þann 16. mars 2017 var samþykkt tillaga stjórnar félagsins um að lækka hlutfé félagsins til jöfnunar á eigin hlutum. Lækkunin nam 206 m.kr. að nafnverði. Í samræmi við endurkaupaáætlun félagsins sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 16. mars 2017 voru keypt eigin bréf að nafnvirði 275 m.kr. fyrir 1.103 m.kr. að markaðsvirði. Kaupin voru framkvæmd á tímabilinu maí til nóvember.

Samruni Símans hf. og On-Waves ehf. var staðfestur á þriðja ársfjórðungi og miðast hann við 1. janúar 2017. Þá gerði félagið samkomulag við minnihlutaeigendur í Sensa DK Aps um að þeir tækju yfir rekstur þess félags frá og með lokum nóvember.

Félagið nýtti heimild í skilmálum útgáfulýsingar skuldabréfaflokks SKIPTI 13 01 og greiddi hann upp að fullu þann 5. júlí síðastliðinn. Óverðtryggðar skuldir félagsins voru einnig endurfjármagnaðar á sama tíma, sjá nánar í skýringu 22.

Hlutfé í árslok skiptist á 1.124 hluthafa en þeir voru 1.473 í ársbyrjun. 10 stærstu hluthafar félagsins eru:

	Nafnverð hlutfjár m.kr.	Eignarhlutur
Lífeyrissjóður verslunarmanna .....	1.177	12,46%
Gildi - lífeyrissjóður .....	859	9,10%
Lífeyrissj.starfsm.rik. A-deild .....	634	6,71%
Stefnir - ÍS 15 .....	510	5,40%
Stapi lífeyrissjóður .....	479	5,07%
Global Macro Absolute Return A .....	423	4,48%
Birta lífeyrissjóður .....	361	3,83%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn .....	310	3,28%
Global Macro Portfolio .....	288	3,05%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda .....	288	3,05%
10 stærstu hluthafar samtals	5.329	56,43%

Stjórn félagsins leggur til að 10% af hagnaði ársins, 310 m.kr. verði greiddur út sem arður á árinu 2018 vegna ársins 2017. Þá leggur stjórn félagsins einnig til að farið verði í framkvæmd endurkaupaáætlunar á hlutabréfum í félaginu fyrir fjárhæð sem nemur allt að 40% af hagnaði félagsins á árinu 2017.

Skráð hlutfé félagsins nam í árslok 9.444 m.kr., en félagið á eigin hluti að nafnverði 197 m.kr. Hlutféð er í einum flokki, sem skráður er í Kauphöll Íslands. Allir hlutir njóta sömu réttinda.

## Stjórn og stjórnarhættir

Stjórn Símans hf. leggur áherslu á að viðhalda góðum stjórnarháttum og að fylgja „Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja“ sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út. Stjórnin hefur sett sér ítarlegar starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint sem og verksvið gagnvart forstjóra. Félagið er með skráð verðbréf í Kauphöll Íslands hf. og ber því að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti samkvæmt reglum Kauphallarinnar sem hægt er að nálgast á vef hennar.

Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti er að finna í kaflanum stjórnarháttaryfirlýsing sem er viðauki með ársreikningnum.

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

## Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Ófjárhagslegar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins í tengslum við umhverfis-, félags- og starfsmannamál, sem og stefnu félagsins í mannréttindamálum, mútu- og spillingarmálum, eru birtar sem viðauki með ársreikningnum.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2017, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að samstæðuársreikningurinn gefi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn og forstjóri Símanns hf. hafa í dag fjallað um samstæðuársreikning félagsins fyrir árið 2017 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. febrúar 2018.

### Stjórn

Bertrand B. Kan, formaður

Heiðrún Jónsdóttir, varaformaður

Birgir S. Bjarnason

Stefán Árni Auðólfsson

### Forstjóri

Orri Hauksson

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Símans hf.

## Áritun um endurskoðun samstæðuársreiknings

### Álit

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Símans hf. („samstæðan“) fyrir árið 2017 sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. desember 2017 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félögum í samstæðunni í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þeir þættir, sem samkvæmt faglegu mati okkar, höfðu mest vægi við endurskoðun samstæðuársreikningsins. Við gefum ekki sérstakt álit á einstökum lykilþáttum en tókum á þeim við endurskoðun á samstæðuársreikningnum í heild og við ákvörðun um álit okkar á honum.

### Lykilþáttur

### Viðbrögð í endurskoðuninni

#### Mat viðskiptavildar

Eins og fram kemur í skýringu nr. 15 nam bókfært verð viðskiptavildar 31,4 ma.kr. í árslok 2017 og er hún stærsta einstaka eign félagsins. Viðskiptavild hefur verið deilt út á þær sjóðskapandi einingar innan samstæðunnar sem hún tilheyrir. Árlega ber að framkvæma virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild og öðrum eignum sem ekki rýrna við notkun og hafa óskilgreindan líftíma.

Mat á verðmæti viðskiptavildar er einn af lykilþáttum í endurskoðun á ársreikningi samstæðunnar vegna þess hversu hátt hlutfall viðskiptavild er af heildareignum hennar og um er að ræða eign sem háð er mati stjórnenda. Mat á verðmæti viðskiptavildar byggir á væntingum stjórnenda um núvirt framtíðarsjóðstreymi sjóðskapandi eininga.

Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að leggja mat á þær forsendur sem stjórnendur nota við útreikning á verðmæti viðskiptavildar í hverri sjóðskapandi einingu. Í þeirri vinnu fólst m.a.:

- Reiknilíkan stjórnenda var yfirfarið og lagt mat á virkni þess.
- Forsendur rekstrar- og sjóðstreymisáætlana til næstu fimm ára voru yfirfarnar. Í þeirri vinnu fólst að lagt var mat á forsendur um tekjur, rekstrarkostnað, framlegð og fjárfestingar fyrir spátímabilið.
- Lagt var mat á forsendur fyrir áætluðum framtíðarvexti að loknu spátímabilinu.
- Forsendur fyrir vaxtakjörum einstakra sjóðskapandi eininga voru yfirfarnar og metnar. Ávöxtunarkrafa í útreikningunum byggir á áhættulausum vöxtum að viðbættu álagi sem tekur mið af eðli rekstrar og samsetningu fjármögnunar í hverri einingu.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh:

## Lykilþáttur

## Viðbrögð í endurskoðuninni

### Tekjuskráning

Tekjuskráningarkerfi samstæðunnar eru flókin og skrá mikinn fjölda færslna í mörgum kerfum. Helstu tekjur samstæðunnar eru samtengingar- og reikitekjur, mánaðargjöld, stofngjöld, línuleigur, auglýsingatekjur í sjónvarpi auk sölu á vörum og þjónustu. Gerð er grein fyrir tekjuskráningu samstæðunnar í skýringu 33.5.

Skráning tekna er einn af lykilþáttum í endurskoðun á ársreikningi samstæðunnar vegna mikils fjölda af færslum og flókinna skráninga í tekjuskráningarkerfi þar sem framboð og verð á vörum og þjónustu tekur reglulegum breytingum.

Endurskoðunaraðgerðir okkar miðuðu að því að leggja mat á hönnun, innleiðingu og virkni á sjálfvirkum eftirlitsþáttum með tekjuskráningu auk viðeigandi gagnaendurskoðunaraðgerða með það að markmiði að sannreyna nákvæmni í tekjuskráningu félagsins og að tekjur séu skráðar á viðeigandi tímabil. Í þeirri vinnu fólst m.a.:

- Lagt var mat á þau tölvu- og upplýsingakerfi sem notuð eru við tekjuskráningu og flæði á milli tekjukerfa og fjárhagskerfis. Einnig voru framkvæmdar prófanir á þeim sjálfvirkum eftirlitsþáttum sem eru til staðar í ferlinu.
- Skoðun á aðgangsheimildum starfsmanna í tekjukerfi, heimildum til verðákvæðana og breytinga í kerfinu.
- Skoðun á eftirlitsþáttum við reikningagerð sem eru hannaðir til að tryggja réttmæti og nákvæmni útsendra reikninga.
- Athuganir á yfirferð stjórnenda á frávikagreiningum, afstemmingum milli kerfa og eftirlitsaðgerðum í innheimtu.
- Greiningar á leitni í tekjum niður á mánuði með samanburði við áætlanir og fyrri tímabil þar sem frávik eru greind byggð á þekkingu okkar á markaðnum. Ef frávik voru umfram ásættanleg mörk var leitað skýringa á þeim.
- Greiningartæki notað við skoðun á sölufærslum í þeim tilgangi að greina óvenjulegar færslur.

### Aðrar upplýsingar í ársskýrslu

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun okkar á hann. Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum ber okkur að lesa aðrar upplýsingar í ársskýrslu þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær séu í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða aðra þekkingu sem við höfum aflað okkur við endurskoðunina eða virðast verulega rangar. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Ársskýrslan liggur ekki fyrir við áritun okkar á samstæðuársreikninginn en við munum fá hana afhenta til yfirferðar áður en hún verður gefin út.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram samstæðuársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórn og forstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi samstæðunnar og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa samstæðuna upp eða hætta starfsemi hennar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh:

---

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort samstæðuársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil víska en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur samstæðuársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegru dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og forstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi samstæðunnar. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert samstæðuna órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna varðandi fjárhagslegar upplýsingar eininga innan samstæðunnar til að geta gefið álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar samstæðunnar og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun samstæðuársreikningsins og eru því lykilþættir endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur útiloki að upplýst sé um þá eða, við einstakar mjög sjaldgæfar kringumstæður, þegar við metum að ekki skuli upplýsa um lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu slíkra upplýsinga.

## Áritun óháðs endurskoðanda, frh:

---

### Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum samstæðuársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Alexander G. Eðvardsson og Árni Claessen, endurskoðendur, bera ábyrgð á endurskoðun ársreikningsins og áritun þessari.

Reykjavík, 19. febrúar 2018.

**KPMG ehf.**



## Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Sala .....	6	27.992	29.037
Kostnaðarverð sölu .....	7	( 14.418)	( 15.387)
<b>Framlegð .....</b>		<b>13.574</b>	<b>13.650</b>
Aðrar rekstrartekjur .....		441	535
Rekstrarkostnaður .....	8	( 9.096)	( 9.559)
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>		<b>4.919</b>	<b>4.626</b>
Fjármunatekjur .....		398	765
Fjármagnsgjöld .....		( 1.535)	( 1.884)
Gengismunur .....		14	21
Hrein fjármagnsgjöld .....	10	( 1.123)	( 1.098)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	17	0	( 1)
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		3.796	3.527
Reiknaðir skattar .....	11	( 720)	( 772)
<b>Hagnaður ársins .....</b>		<b>3.076</b>	<b>2.755</b>
EBITDA .....		8.607	8.245
<b>Skipting hagnaðar</b>			
Hluthafar móðurfélags .....		3.106	2.833
Minnihluti .....		( 30)	( 78)
Hagnaður ársins .....		3.076	2.755
<b>Hagnaður á hlut</b>			
Grunnhagnaður á hlut .....	12	0,33	0,30
Þynntur hagnaður á hlut .....	12	0,32	0,29

Skýringar á blaðsíðum 13 - 34 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

## Yfirlit um heildarafkomu ársins 2017

---

	Skýr.	2017	2016
<b>Hagnaður ársins</b> .....		<u>3.076</u>	<u>2.755</u>
<b>Rekstrarliðir sem kunna að verða endurflokkaðir í rekstrarreikningi</b>			
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlendra dótturfélaga .....	(	13)	( 74)
<b>Heildarhagnaður ársins</b> .....		<u>3.063</u>	<u>2.681</u>
<b>Heildarhagnaður ársins skiptist þannig</b>			
Hluthafar móðurfélags .....		3.093	2.759
Minnihluti .....	(	30)	( 78)
Heildarhagnaður ársins .....		3.063	2.681

Skýringar á blaðsíðum 13 - 34 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

## Efnahagsreikningur ársins 2017

	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	14	17.024	16.118
Viðskiptavild .....	15	31.435	31.407
Óefnislegar eignir .....	15	3.226	3.181
Aðrar eignir .....	17	658	1.349
		<u>52.343</u>	<u>52.055</u>
		<b>Fastafjármunir</b>	
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	18	2.345	1.829
Viðskiptakröfur .....	19	4.470	5.619
Aðrar skammtímakröfur .....	20	736	809
Handbært fé .....		718	3.667
		<u>8.269</u>	<u>11.924</u>
		<b>Veltufjármunir</b>	
		<b>Eignir alls</b>	
		<u>60.612</u>	<u>63.979</u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	21	9.247	9.444
Yfirverðsreikningur .....		16.406	17.105
Annað eigið fé .....	21	201	216
Annað bundið eigið fé .....	21	1.041	467
Óráðstafað eigið fé .....		9.386	7.235
		<u>36.281</u>	<u>34.467</u>
		<b>Eigið fé hluthafa móðurfélags</b>	
Hlutdeild minnihluta .....		0	( 207)
		<u>36.281</u>	<u>34.260</u>
		<b>Eigið fé samtals</b>	
<b>Skuldir</b>			
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldabréfalán .....	22	16.781	21.568
Tekjuskattsskuldbinding .....	23	817	442
		<u>17.598</u>	<u>22.010</u>
		<b>Langtímaskuldir</b>	
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....		500	0
Viðskiptaskuldir .....		2.950	3.584
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	22	1.150	1.376
Skattar til greiðslu .....		345	615
Aðrar skammtímaskuldir .....	24	1.788	2.134
		<u>6.733</u>	<u>7.709</u>
		<b>Skammtímaskuldir</b>	
		<b>Skuldir samtals</b>	
		<u>24.331</u>	<u>29.719</u>
		<b>Eigið fé og skuldir alls</b>	
		<u>60.612</u>	<u>63.979</u>

Skýringar á blaðsíðum 13 - 34 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

## Eiginfjáryfirlit ársins 2017

	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Annað eigið fé	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé hluthafa móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2016 .....	9.650	17.556	309	541	4.836	32.892	( 91)	32.801
Hagnaður (tap) ársins .....					2.833	2.833	( 78)	2.755
Þýðingarmunur .....				( 74)		( 74)		( 74)
Heildarafkoma ársins .....				( 74)	2.833	2.759	( 78)	2.681
Greiddur arður (0,0596 á hlut) .....					( 575)	( 575)		( 575)
Keypt eigin bréf .....	( 243)	( 507)				( 750)		( 750)
Aðrar breytingar .....			( 91)		91	0		0
Breyting á minnihlutaeign .....						0	( 38)	( 38)
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga .....			48			48		48
Innleystir og niðurfelldir kaupréttarsamningar .....	37	56	( 50)		50	93		93
Eigið fé 31.12.2016 .....	9.444	17.105	216	467	7.235	34.467	( 207)	34.260
Eigið fé 1.1.2017 .....	9.444	17.105	216	467	7.235	34.467	( 207)	34.260
Hagnaður (tap) ársins .....				602	2.504	3.106	( 30)	3.076
Þýðingarmunur .....				( 14)		( 14)	1	( 13)
Heildarafkoma ársins .....				588	2.504	3.092	( 29)	3.063
Greiddur arður (0,029171 á hlut) .....					( 275)	( 275)		( 275)
Keypt eigin bréf .....	( 275)	( 828)				( 1.103)		( 1.103)
Seld eigin bréf .....	9	19				28		28
Aðrar breytingar .....				( 14)	14	0		0
Breyting á minnihlutaeign .....					( 151)	( 151)	236	85
Áfallinn kostnaður vegna kaupréttarsamninga .....			44			44		44
Innleystir og niðurfelldir kaupréttarsamningar .....	69	110	( 59)		59	179		179
Eigið fé 31.12.2017 .....	9.247	16.406	201	1.041	9.386	36.281	0	36.281

Skýringar á blaðsíðum 13 - 34 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

## Sjóðstreymisýfirlit 2017

	Skýr.	2017	2016
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi .....		4.919	4.626
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir og virðisrýrnun .....	14,15	3.688	3.619
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna .....		( 2)	( 29)
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi .....	13	44	48
		<u>8.649</u>	<u>8.264</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun .....		( 303)	292
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....		1.319	( 1.419)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímakuldir, (lækkun) hækkun .....		<u>( 569)</u>	<u>756</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		447	( 371)
		<u>9.096</u>	<u>7.893</u>
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta			
Innborgaðir vextir .....		415	461
Greiddir vextir .....		( 1.473)	( 1.586)
Greiddir skattar .....		<u>( 615)</u>	<u>6</u>
Handbært fé frá rekstri		7.423	6.762
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum .....	14	( 4.438)	( 4.229)
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	15	( 508)	( 485)
Söluverð rekstrarfjármuna .....		155	58
Skuldabréfaeign, breyting .....		202	( 20)
Kaup á eignarhlutum í dótturfélögum, að frádregnu handbæru fé .....	16	0	( 50)
Sala á eignarhlutum í dótturfélögum, að frádregnu handbæru fé .....	16	( 26)	234
Aðrar fjárfestingar .....		29	( 39)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>( 4.586)</u>	<u>( 4.531)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Greiddur arður .....		( 275)	( 577)
Kaup eigin bréfa .....		( 1.102)	( 750)
Sala eigin bréfa .....		179	93
Tekin ný langtímalán .....		18.400	0
Afborganir langtímalána .....		( 23.486)	( 1.371)
Skammtímalán, breyting .....		500	0
Fjármögnunarhreyfingar		<u>( 5.784)</u>	<u>( 2.605)</u>
Lækkun á handbæru fé .....		( 2.947)	( 374)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé .....		( 2)	( 30)
Handbært fé í byrjun ársins .....		3.667	4.071
Handbært fé í lok ársins .....		<u>718</u>	<u>3.667</u>

Skýringar á blaðsíðum 13 - 34 eru óaðskiljanlegur hluti af samstæðuársreikningnum.

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuársreikningur fyrir árið 2017 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem "félagsins" og til einstakra félaga sem "dótturfélaga". Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta, afþreyingar og upplýsingatækni.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### 2.1. Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Ársreikningur félagsins fyrir árið 2017 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningur félagsins er jafnframt í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Samantekt á mikilvægum reikningsskilaaðferðum er að finna í skýringu 33. Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, [www.siminn.is](http://www.siminn.is) og á vef Kauphallar Íslands: [www.nasdaqomxnordic.com](http://www.nasdaqomxnordic.com).

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu ársreikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundum þann 19. febrúar 2018.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð ársreikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2016.

Samstæðuársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram. Hann er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

## 4. Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Gangvirði:

Það er mat stjórnenda að ekki sé verulegur munur á bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda og gangvirði þeirra í reikningsskilunum.

## 5. Starfspáttayfirlit

Yfirlit um starfspætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sjö starfspætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfspættirnir eru :

Starfspáttur:	Lýsing:
Farsímaþjónusta: .....	Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem heldur er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta, farsímaþjónusta í heildsölu eða önnur farsímaþjónusta.
Talsímaþjónusta: .....	Talsímaþjónusta í heildsölu og smásölu.
Gagnaflutningur: .....	Gagnaflutningsþjónusta í heildsölu og smásölu, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, stofnnet, heimtaugar og aðgangsnét.
Sjónvarpsþjónusta: .....	Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins.
Upplýsingatækni: .....	Upplýsingatækniþjónusta, þ.m.t. afnotagjöld, útseld þjónusta og vörusala.
Vörusala búnaðar: .....	Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.
Annað: .....	Útseld vinna vegna fjarskipta (þ.m.t. vettvangsþjónusta) og aðstöðuleiga.

## Skýringar

### 5. Starfspáttayfirlit, frh.:

#### Starfspættir 2017

	Farsími	Talsími	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Upplýsinga- tækni	Vörusala	Annað	Samtals
Rekstrartekjur .....	6.652	2.096	8.583	4.118	4.111	1.883	990	28.433
Óskipt rekstrargjöld .....								( 19.826)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta .....								8.607
Afskriftir .....								( 3.688)
Hrein fjármagnsgjöld .....								( 1.123)
Skattar .....								( 720)
<b>Hagnaður ársins .....</b>								<b>3.076</b>
<b>Fjárfestingar .....</b>								<b>( 4.791)</b>
<b>Óskiptar eignir 31.12.2017 .....</b>								<b>60.612</b>
<b>Óskiptar skuldir 31.12.2017 .....</b>								<b>24.331</b>

#### Starfspættir 2016

	Farsími	Talsími	Gagna- flutningur	Sjónvarps- þjónusta	Upplýsinga- tækni	Vörusala	Annað	Samtals
Rekstrartekjur .....	7.190	2.239	8.498	4.062	4.619	1.993	971	29.572
Óskipt rekstrargjöld .....								( 21.327)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta .....								8.245
Afskriftir og virðisrýrnun .....								( 3.619)
Hrein fjármagnsgjöld .....								( 1.098)
Áhrif hlutdeildarfélaga .....								( 1)
Skattar .....								( 772)
<b>Hagnaður ársins .....</b>								<b>2.755</b>
<b>Fjárfestingar .....</b>								<b>( 4.656)</b>
<b>Óskiptar eignir 31.12.2016 .....</b>								<b>63.979</b>
<b>Óskiptar skuldir 31.12.2016 .....</b>								<b>29.719</b>

### 6. Sala

Seld þjónusta og vörur greinast þannig:	2017	2016
Sala á þjónustu .....	23.848	24.518
Vörusala .....	4.144	4.519
	<b>27.992</b>	<b>29.037</b>

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

## Skýringar

### 7. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:	2017	2016
Laun og launatengd gjöld .....	3.622	3.904
Kostnaðarverð seldrar þjónustu .....	3.935	4.278
Samtengigjöld .....	939	1.002
Kostnaðarverð seldra vara .....	3.713	4.096
Eignfærð vinna .....	( 753)	( 737)
Afskriftir .....	2.962	2.844
	<u>14.418</u>	<u>15.387</u>

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af; efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

### 8. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

Laun og launatengd gjöld .....	4.386	4.746
Markaðs- og sölukostnaður .....	611	677
Húsnæðis- og bifreiðakostnaður .....	1.464	1.493
Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður .....	881	553
Afskrifaðar tapaðar kröfur og breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna .....	( 29)	114
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	1.057	1.201
Afskriftir og virðisrýrnun .....	726	775
	<u>9.096</u>	<u>9.559</u>

### 9. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Laun .....	6.657	7.273
Lífeyrissjóðsiðgjöld .....	708	685
Önnur launatengd gjöld .....	643	692
	<u>8.008</u>	<u>8.650</u>

Ársverk .....

	727	805
--	-----	-----

Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:

Kostnaðarverð sölu .....	3.622	3.904
Rekstrarkostnaður .....	4.386	4.746
	<u>8.008</u>	<u>8.650</u>



## Skýringar

### 10. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

	2017	2016
<b>Fjármunatekjur</b>		
Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum .....	372	474
Söluhagnaður af eignarhlutum .....	0	289
Fenginn arður og söluhagnaður af eignarhlutum .....	<u>26</u>	<u>2</u>
	398	765
<b>Fjármagnsgjöld</b>		
Vaxtagjöld .....	( 1.159)	( 1.522)
Verðbætur .....	( 72)	( 150)
Tap af sölu fjáreigna .....	( 147)	( 180)
Önnur fjármagnsgjöld .....	<u>( 157)</u>	<u>( 32)</u>
	( 1.535)	( 1.884)
Gengismunur .....	<u>14</u>	<u>21</u>
Hrein fjármagnsgjöld .....	<u>( 1.123)</u>	<u>( 1.098)</u>

### 11. Skattar

Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Tekjuskattur vegna ársins 2017 til greiðslu á árinu 2018 nemur 323 m.kr. Ógreitt jöfnunargjald vegna ársins 2017 til greiðslu 2018 nemur 22 m.kr. Samtals eru skattar til greiðslu 345 m.kr. í árslok.

#### Greining á virku skatthlutfalli:

	2017	2016
Hagnaður fyrir skatta .....	3.796	3.527
Skatthlutfall .....	20,0% ( 759)	20,0% ( 705)
Ófrádráttarþær kostnaður .....	0,4% ( 16)	1,3% ( 46)
Óskattskyldar tekjur .....	-1,1% 41	-1,3% 46
Jöfnunargjald .....	0,4% ( 17)	0,5% ( 18)
Aðrar breytingar .....	-0,8% 31	1,4% ( 49)
Skattur samkvæmt rekstrarreikningi .....	<u>19,0% ( 720)</u>	<u>21,9% ( 772)</u>

### 12. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hluthafa í félaginu og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut miðar við hagnað sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu og vegins meðaltals virkra hluta að teknu tilliti til þynningaráhrifa væntra útgefinna hluta vegna kaupréttta starfsmanna.

	2017	2016
Hagnaður ársins til hluthafa í móðurfélaginu .....	3.106	2.833
Hlutfé í ársbyrjun .....	9.444	9.650
Áhrif keyptra og seldra eigin bréfa .....	<u>( 91)</u>	<u>( 154)</u>
Vegið meðaltal útistandandi hluta .....	<u>9.353</u>	<u>9.496</u>
Hagnaður á hlut .....	0,33	0,30

## Skýringar

### 12. Hagnaður á hlut, frh.:

	2017	2016
Vegið meðaltal útistandandi hluta .....	9.353	9.496
Áhrif kaupréttarsamninga .....	206	146
Vegið meðaltal útistandandi hluta .....	<u>9.559</u>	<u>9.642</u>
Þynntur hagnaður á hlut .....	0,32	0,29

### 13. Kaupréttarsamningar

Félagið hefur boðið öllum starfsmönnum sínum kaupréttarsamninga. Samningar voru fyrst gerðir 30. september 2015 sem heimila starfsmönnum að kaupa hluti í félaginu á árunum 2016 - 2018, á hverju ári að nafnverði 238.275 á genginu 2,5181. Á árinu 2016 voru gerðir samningar við nýja starfsmenn sem heimila þeim að kaupa hluti í félaginu á árunum 2017 - 2018, á hverju ári að nafnverði 198.675 á genginu 3,02. Á árinu 2017 voru gerðir samningar við nýja starfsmenn sem heimila þeim að kaupa í félaginu á árinu 2018, að nafnverði 163.934 á genginu 3,66.

Fjöldi hluta og kaupréttargengi er sem hér segir:

Samningsár kaupréttar .....	2015	2016	2017	Fjöldi hluta
Gengi kaupréttar .....	2,57*	3,08*	3,66	Samtals
Fjöldi hluta 1.1.2017 .....	235	9		244
Nýttir kaupréttir á árinu .....	( 67)	( 2)		( 69)
Niðurfelldir kaupréttir á árinu .....	( 50)	( 3)		( 53)
Kaupréttir 30. september 2017 .....			9	9
Samtals væntir útgefnir hlutir vegna kaupréttar starfsmanna 31.12.2017 .....	<u>118</u>	<u>4</u>	<u>9</u>	<u>131</u>

Gjaldfærsla í rekstrarreikningi félagsins á árinu 2017 vegna kaupréttarsamninga starfsmanna nam 44 m.kr. (2016: 48 m.kr.).

\*Hlutafé félagsins var lækkað á árinu, gengi í kaupréttarsamningum hækkaði í hlutfalli við hlutafjárlækkunina.

### 14. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fjarskipta- búnaður	Fasteignir og lóðir	Tæki, búnaður og bifreiðar	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Heildarverð 1.1.2016 .....	42.493	2.014	2.292	46.799
Endurflokkað .....	1	0	20	21
Kaup á árinu .....	3.786	54	399	4.239
Vegna sölu á félagi .....	0	0	( 1)	( 1)
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 9.424)	( 21)	( 285)	( 9.730)
Gengismunur .....	<u>( 16)</u>	<u>0</u>	<u>( 9)</u>	<u>( 25)</u>
Heildarverð 31.12.2016 .....	36.840	2.047	2.416	41.303
Endurflokkað .....	( 30)	0	9	( 21)
Kaup á árinu .....	4.181	35	222	4.438
Vegna sölu á félagi .....	( 102)	0	( 48)	( 150)
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 2.176)	( 170)	( 209)	( 2.555)
Gengismunur .....	<u>3</u>	<u>0</u>	<u>1</u>	<u>4</u>
Heildarverð 31.12.2017 .....	<u>38.716</u>	<u>1.912</u>	<u>2.391</u>	<u>43.019</u>

## 14. Rekstrarfjármunir, frh.:

	Fjarskipta- búnaður	Fasteignir og lóðir	Tæki, búnaður og bifreiðar	Samtals
<b>Afskriftir og virðisrýrnun</b>				
Afskrifað 1.1.2016 .....	29.589	690	1.345	31.624
Afskriftir .....	2.762	104	412	3.278
Vegna sölu á félagi .....	0	0	( 1)	( 1)
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 9.419)	( 7)	( 274)	( 9.700)
Gengismunur .....	( 11)	0	( 5)	( 16)
Afskrifað alls 31.12.2016 .....	22.921	787	1.477	25.185
Endurflokkað .....	( 12)	0	5	( 7)
Afskriftir .....	2.890	91	362	3.343
Vegna sölu á félagi .....	( 78)	0	( 48)	( 126)
Selt og niðurlagt á árinu .....	( 2.171)	( 36)	( 196)	( 2.403)
Gengismunur .....	2	0	1	3
Afskrifað alls 31.12.2017 .....	23.552	842	1.601	25.995
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð 1.1.2016 .....	12.904	1.324	947	15.175
Bókfært verð 31.12.2016 .....	13.919	1.260	939	16.118
Bókfært verð 31.12.2017 .....	15.164	1.070	790	17.024

Fasteignamat húseigna og lóða samstæðunnar nam 1.854 m.kr. ( 2016: 1.945 m.kr.) og brunabótamat 3.412 m.kr. (2016: 3.372 m.kr.). Búnaður félagsins er tryggður fyrir 17.570 m.kr. ( 2016: 15.861 m.kr.). Allir varanlegir rekstrarfjármunir félagsins eru veðsettir vegna lántöku félagsins.

Afskriftir rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna skiptast þannig á rekstrarliði:	2017	2016
Kostnaðarverð seldar þjónustu .....	2.962	2.844
Annar rekstrarkostnaður .....	726	775
Samtals .....	3.688	3.619

Nýtingartími greinist á eftirfarandi hátt:

Fjarskiptabúnaður .....	4 - 30 ár
Fasteignir .....	15 - 33 ár
Tæki, búnaður og bifreiðar .....	3 - 10 ár

## 15. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir og afskriftir greinast þannig:

	Viðskipta- vild	Hug- búnaður	Aðrar eignir	Samtals
<b>Kostnaðarverð</b>				
Heildarverð 1.1.2016 .....	55.106	5.667	2.197	62.970
Endurflokkað .....	0 ( 21)		0 ( 21)	
Kaup á árinu .....	5	460	25	490
Vegna sölu á félagi .....	( 2)	0	0 ( 2)	
Gengismunur .....	0	0	( 29)	( 29)
Selt og niðurlagt á árinu .....	0 ( 210)		( 55)	( 265)
Heildarverð 31.12.2016 .....	55.109	5.896	2.138	63.143
Endurflokkað .....	0 ( 8)		29	21
Kaup á árinu .....	28	441	67	536
Vegna sölu á félagi .....	( 10)	0	( 164)	( 174)
Gengismunur .....	0	0	4	4
Selt og niðurlagt á árinu .....	0 ( 1.941)		( 9)	( 1.950)
Heildarverð 31.12.2017 .....	55.127	4.388	2.065	61.580
<b>Afskriftir og virðisrýrnun</b>				
Afskrifað 1.1.2016 .....	23.702	4.537	243	28.482
Endurflokkað .....	0 ( 1)		0 ( 1)	
Afskriftir .....	0	265	76	341
Selt og niðurlagt á árinu .....	0 ( 210)		( 55)	( 265)
Gengismunur .....	0	0	( 2)	( 2)
Afskrifað alls 31.12.2016 .....	23.702	4.591	262	28.555
Endurflokkað .....	0 ( 5)		12	7
Afskriftir .....	0	286	59	345
Vegna sölu á félagi .....	( 10)	0	( 30)	( 40)
Selt og niðurlagt á árinu .....	0 ( 1.940)		( 8)	( 1.948)
Afskrifað alls 31.12.2017 .....	23.692	2.932	295	26.919
<b>Bókfært verð</b>				
Bókfært verð 1.1.2016 .....	31.404	1.130	1.954	34.488
Bókfært verð 31.12.2016 .....	31.407	1.305	1.876	34.588
Bókfært verð 31.12.2017 .....	31.435	1.456	1.770	34.661

Nýtingartími greinist á eftirfarandi hátt:

Hugbúnaður .....	2 - 7 ár
Aðrar eignir .....	3 - 15 ár

Hugbúnaður félagsins er veðsettur vegna lántöku félagsins.

## 15.1. Árlegt virðisrýrnunarpróf

Í lok reikningsárs var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild félagsins. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs var endurheimtanlegt virði metið út frá nýtingarvirði þeirra fjárskapandi eininga sem viðskiptavildin tilheyrir. Viðskiptavild sem myndast hefur við kaup hefur verið útteilt niður á viðeigandi dótturfélög sem skilgreind eru sem minnstu aðgreinanlegu fjárskapandi einingar af stjórnendum samstæðunnar.

Viðskiptavild greinist þannig niður á fjárskapandi einingar:

	2017	2016
Viðskiptavild Símans hf. ....	19.675	19.647
Viðskiptavild Mílu ehf. ....	10.708	10.708
Viðskiptavild Sensa ehf., upplýsingatækni .....	1.022	1.022
Viðskiptavild Radíómiðunar ehf., fjarskiptaþjónusta .....	30	30
	<u>31.435</u>	<u>31.407</u>

Endurheimtanlegar fjárhæðir fyrir fjárskapandi einingar eru byggðar á nýtingarvirði. Við mat á nýtingarvirði er stuðst við vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis. Fjárstreymi var áætlað með hliðsjón að fjárhæðum í samþykktum rekstraráætlunum næstu fimm til tíu ára ásamt föstum framtíðarnafnvexti eftir spátímabilið sem stjórnendur telja að endurspegli reynslu fyrri ára, framtíðarþróun í fjarskiptum og upplýsingatækni og aðrar ytri upplýsingar. Vænt fjárstreymi er fært til núvirðis með vegnum fjármagnskostnaði (WACC) viðkomandi fjárskapandi einingar. Ávöxtunarkrafan byggir á áhættulausum vöxtum að viðbættu álagi á samsetningu fjármögnunar fyrir hverja fjárskapandi einingu þar sem byggt er á ytri og innri gögnum.

Spátímabil fjárskapandi eininga tekur til næstu fimm ára nema Mílu ehf., en þar er spátímabilið tíu ár. Það er mat stjórnenda að rekstur Mílu og sá markaður sem félagið starfar á sé þess eðlis að lengra spátímabil sé skynsamlegt við mat á nýtingarvirði.

Við mat á virði vörumerkja er byggt á væntu framtíðarfjárstreymi miðað við gefnar forsendur um endingartíma og að teknu tilliti til hugsanlegra skattaáhrifa. Ávöxtunarkrafan miðar við áhættulausa vexti að viðbættu álagi vegna sérstakrar og væntrar áhættu við viðkomandi vörumerki.

Nýtingarvirði byggir á nokkrum meginforsendum sem innhalda mat stjórnenda á framtíðarhorfum viðkomandi fjárskapandi einingar þar sem stuðst er við söguleg gögn, ytri sem og innri. Forsendurnar eru eftirfarandi :

	2017	2016
<b>Síminn</b>		
Langtíma vöxtur .....	2,5%	2,5%
Vegið meðaltal tekjuvaxtar á tímabilinu 2018-2022 / 2017-2021 .....	1,1%	1,1%
EBITDA meðalvöxtur á tímabilinu 2018-2022 / 2017-2021 .....	1,4%	2,4%
WACC .....	9,3%	8,8%
Skuldsetningarhlutfall .....	39,6%	44,0%
Vextir .....	4,8%	4,8%
<b>Míla</b>		
Langtíma vöxtur .....	2,5%	2,5%
Vegið meðaltal tekjuvaxtar á tímabilinu 2018-2022 / 2017-2021 .....	2,1%	1,6%
EBITDA meðalvöxtur á tímabilinu 2018-2022 / 2017-2021 .....	3,3%	2,4%
WACC .....	9,0%	8,6%
Skuldsetningarhlutfall .....	39,6%	44,0%
Vextir .....	4,8%	4,8%

## 15.1. Árlegt virðisrýrnunarpróf, frh.:

	2017	2016
<b>Sensa</b>		
Langtímavöxtur .....	3,5%	3,5%
Vegið meðaltal tekjuvaxtar á tímabilinu 2018-2022 / 2017-2021 .....	2,5%	0,1%
EBITDA meðalvöxtur á tímabilinu 2018-2022 / 2017-2021 .....	2,1%	0,6%
WACC .....	11,7%	11,8%
Skuldsetningarhlutfall .....	12,4%	11,8%
Vextir .....	4,8%	5,7%
<b>Radíómiðun</b>		
Langtímavöxtur .....	2,5%	2,5%
Vegið meðaltal tekjuvaxtar á tímabilinu 2018-2022 / 2017-2021 .....	1,6%	1,4%
EBITDA meðalvöxtur á tímabilinu 2018-2022 / 2017-2021 .....	3,2%	10,3%
WACC .....	14,7%	15,1%
Skuldsetningarhlutfall .....	23,1%	12,8%
Vextir .....	6,4%	6,4%

Endurheimtanlegar fjárhæðir allra fjárskapandi eininga var metið hærra en eignagrunnur og því engin virðisrýrnun færð hjá félaginu.

Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs viðskiptavildar verða stjórnendur að meta ákveðnar forsendur sem notaðar eru í árlegu virðisrýrnunarprófi. Slíkt mat felur alltaf í sér ákveðna óvissu sem getur haft veruleg áhrif á útkomu prófanna ef forsendur reynast rangar. Það er mat stjórnenda að raunhæfar og mögulegar breytingar á þremur meginforsendum gætu leitt til virðisrýrnunar á viðskiptavild Mílu ehf. Aðrar fjárskapandi einingar eru ekki viðkvæmar fyrir breytingum á meginforsendum. Reiknað endurheimtanlegt virði Mílu er hærra en bókfærður eignagrunnur í árslok 2017 sem nemur 1.502 m.kr. (2016: 1.285 m.kr.). Meðfylgjandi tafla sýnir þær breytingar sem þyrftu að verða á þremur meginforsendum þannig að reiknað endurheimtanlegt virði Mílu yrði jafnt bókfærðum eignagrunni í lok árs:

	2017	2016
WACC (prósentustig) .....	0,4	0,3
EBITDA breyting á spátímabili og til framtíðar .....	-3,6%	-3,0%
CAPEX hlutfall eftir spátímabil (prósentustig) .....	2,9	2,1

## 16. Dótturfélög

Dótturfélög eru eftirfarandi:

	Staðsetning starfsemi	Eignarhlutur	
		2017	2016
Míla ehf. ....	Ísland	100,0%	100,0%
On-Waves ehf. ....	Alþjóðleg	-	90,0%
Radíómiðun ehf. ....	Ísland	100,0%	100,0%
Sensa ehf. ....	Ísland	100,0%	100,0%
Sensa DK Aps .....	Danmörk	-	73,5%
Siminn DK Aps .....	Danmörk	100,0%	100,0%
Farsímagreiðslur ehf. ....	Ísland	100,0%	100,0%

## Skýringar

### 17. Aðrar eignir

Aðrar eignir greinast þannig:	<b>31.12.2017</b>	<b>31.12.2016</b>
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum .....	0	10
Fjárfesting í öðrum félögum .....	221	226
Sjónvarpsefni til sýningar .....	99	348
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	229	424
Langtímakröfur .....	<u>109</u>	<u>341</u>
Aðrar eignir samtals .....	<u>658</u>	<u>1.349</u>

### 17.1. Hlutdeildarfélög

	Staðsetning	Eignarhlutur	2017	2016
GO loyalty solutions ehf. ....	Ísland	33,0%	<u>0</u>	<u>10</u>
			<u>0</u>	<u>10</u>

Á árinu seldi félagið hlut sinn í GO loyalty solutions ehf.

### 17.2. Önnur félög

Í árslok átti félagið hlutabréf í tveimur erlendum félögum og sex innlendum félögum þar sem eignarhlutir voru lægri en 20%.

### 17.3. Fyrirframgreiddur kostnaður

Stærstur hluti fyrirframgreidds kostnaðar er vegna langtímasamkomulags við Farice um aðgengi að sæstrengjum til loka árs 2019.

### 17.4. Langtímakröfur

Langtímakröfur samanstanda af viðskiptaskuldabréfum og raðgreiðslusamningum til lengri tíma en 12 mánaða.

### 18. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	<b>31.12.2017</b>	<b>31.12.2016</b>
Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir .....	1.372	1.170
Verk í vinnslu .....	0	29
Sjónvarpsefni til sýningar .....	<u>973</u>	<u>630</u>
Birgðir samtals .....	<u>2.345</u>	<u>1.829</u>

Vörunotkun vegna vörusölu ársins nam 3.713 m.kr. (2016: 4.096 m.kr.) Allar birgðir félagsins eru veðsettar vegna lántöku.

### 19. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

Viðskiptakröfur .....	4.776	6.083
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	<u>( 306)</u>	<u>( 464)</u>
Viðskiptakröfur samtals .....	<u>4.470</u>	<u>5.619</u>

Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

Staða í ársbyrjun .....	( 464)	( 449)
Breyting á niðurfærslu vegna krafna sem kunna að tapast .....	39	( 95)
Tapaðar viðskiptakröfur á árinu .....	119	79
Sala á dótturfélagi .....	<u>0</u>	<u>1</u>
Staða í lok árs .....	<u>( 306)</u>	<u>( 464)</u>

## Skýringar

### 19. Viðskiptakröfur, frh.:

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Lánsáhætta vegna viðskiptavina er lítil þar sem viðskiptamenn félagsins eru margir og ótengdir. Allar viðskiptakröfur félagsins eru veðsettar vegna lántöku félagsins. Nánar er fjallað um áhættu vegna viðskiptakrafna í skýringu 25.

### 20. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:	31.12.2017	31.12.2016
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	588	562
Aðrar skammtímakröfur .....	148	247
Aðrar skammtímakröfur samtals .....	<u>736</u>	<u>809</u>

### 21. Eigið fé

#### 21.1. Hlutafé

Útgefnir hlutir í lok ársins eru alls 9.444 m.kr. og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna (2016: 9.650 m.kr.). Eitt atkvæði fylgir hverri krónu nafnverðs. Allir útgefnir hlutir eru greiddir að fullu. Félagið á eigin hluti að nafnverði 196,8 m.kr. sem færðir eru til lækkunar á eigin fé.

#### 21.2. Annað eigið fé

Annað eigið fé samanstendur af lögbundnum varasjóði og framlagi í bundinn eiginfjárreikning vegna kaupréttarsamninga við starfsmenn.

#### 21.3. Annað bundið eigið fé

Annað bundið eigið fé greinist þannig:

	Þýðingar- munur í félögum	Bundinn reikningur	Samtals
Staða 1.1. 2016 .....	541	0	541
Breyting ársins .....	( 74)	0	( 74)
Staða 31.12.2016 .....	<u>467</u>	<u>0</u>	<u>467</u>
Staða 1.1. 2017 .....	467	0	467
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga .....		602	602
Breyting ársins .....		( 14)	( 14)
Þýðingarmunur ársins .....	<u>( 14)</u>	<u></u>	<u>( 14)</u>
Staða 31.12.2017 .....	<u>453</u>	<u>588</u>	<u>1.041</u>

### 22. Langtímaskuldir

Lán félagsins greinast á eftirfarandi hátt:

	31.12.2017		31.12.2016	
	Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Skuldir í ISK, óverðtryggðar .....	5,33%	17.921	7,03%	15.833
Skuldir í ISK, verðtryggðar .....		0	4,00%	7.101
Kaupleiga, langtímaskuldbinding .....		10		10
Næsta árs afborganir .....		<u>( 1.150)</u>		<u>( 1.376)</u>
		<u>16.781</u>		<u>21.568</u>



## Skýringar

### 22. Langtímaskuldir, frh.:

Hreyfingar á langtímaskuldum greinast á eftirfarandi hátt:	31.12.2017	31.12.2016
Staða í ársbyrjun.....	22.944	24.156
Afborganir.....	( 23.486)	( 1.371)
Verðbætur.....	73	149
Ný lán.....	18.400	10
	<u>17.931</u>	<u>22.944</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig:

Til greiðslu 2018 / 2017.....	1.150	1.376
Til greiðslu 2019 / 2018.....	1.150	1.376
Til greiðslu 2020 / 2019.....	1.150	14.359
Til greiðslu 2021 / 2020.....	1.150	426
Til greiðslu 2022 / 2021.....	1.150	426
Afborganir síðar.....	12.181	4.981
Heildarlán að meðtöldum næsta árs afborgunum.....	<u>17.931</u>	<u>22.944</u>

Í lánasamningum félagsins eru ýmsar hömlur á aðgerðir félagsins og leita þarf samþykkis lánveitenda fyrir þeim. Í lánaskilmálum eru kvaðir um að uppfylla ákveðin fjármálahlutföll, sem voru uppfyllt í lok árs. Skuldir félagsins eru tryggðar með veðum í eignum félagsins.

### 23. Tekjuskattsskuldbinding

Hreyfingar á reiknaðri tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt:

Reiknuð tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun.....	442	263
Vegna sölu á félagi.....	0 ( 8)	
Tekjuskattur tímabilsins.....	702	750
Skattar til greiðslu á næsta ári.....	( 323)	( 592)
Leiðrétting frá fyrra ári.....	( 4)	0
Fært niður vegna óvissu um nýtingu.....	0	29
Tekjuskattsskuldbinding.....	<u>817</u>	<u>442</u>

Frestaður skattur skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Varanlegir rekstrarfjármunir.....	( 802)	( 719)
Skammtímafröfur.....	( 12)	10
Gengismunur.....	( 3)	( 6)
Aðrir liðir.....	0	1
Skattalegt tap.....	0	272
	<u>( 817)</u>	<u>( 442)</u>

### 24. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

Áfallinn kostnaður .....	922	1.011
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....	311	355
Ógreiddur virðisaukaskattur .....	544	576
Aðrar skammtímaskuldir .....	11	192
Samtals aðrar skammtímaskuldir .....	<u>1.788</u>	<u>2.134</u>

## 25. Áhættustýring

### Stýring fjármögnunaráhættu:

Félagið stýrir fjárhagssamsetningu þannig að tryggt sé að félög samstæðunnar séu rekstrarhæf, með það markmið að hámarka hagnað hluthafa með því að finna bestu samsetningu eigin fjár á móti skuldum. Stefna félagsins er óbreytt frá fyrra ári.

Fjárhagssamsetning félagsins samanstendur af lánum sem nánar eru upplistuð í skýringu númer 22, handbæru fé og eigin fé meirihluta í móðurfélagi sem samanstendur af útgefnu hlutafé, varasjóðum og óráðstöfuðu eigin fé.

### Stýring fjárhagslegrar áhættu:

Starfsemi félagsins hefur það í för með sér að rekstur, eignir, skuldir og hlutafé eru undirorpin fjármögnunaráhættu. Sú áhætta samanstendur meðal annars af markaðsáhættu, mestmegnis tengdri gengi gjaldmiðla og vaxtastigi, lánsáhættu og lausafjárahættu. Fjárstýring Símans veitir félögum innan samstæðunnar miðlæga fjármálaþjónustu svo sem vegna fjármögnunar, gjaldeyriskaupa, vaxtastýringar og áhættumati. Starfsemi fjárstýringar er hagað innan ramma fjárstýringarstefnu Símans sem er endurskoðuð árlega af stjórn félagsins. Félagið tekur ekki stöðu í fjármálagerningum, þar með talið afleiddum fjármálagerningum, byggða á spákaupmennsku.

### Vaxtaáhætta:

Vaxtaáhætta er áhættan af því að gangvirði eða framtíðarsjóðsflæði fjármálagerninga muni sveiflast vegna breytinga á markaðsvöxtum. Breytingar á markaðsvöxtum hafa áhrif á vaxtatekjur og vaxtagjöld í rekstrarreikningi. Lánasafn félagsins samanstendur af lánum í ISK með breytilegum vöxtum. Vaxtaberandi fjárskuldir félagsins eru hærri en vaxtaberandi fjáreignir, en vaxtaáhættan er vegna breytilegra vaxta. Áhættan liggur því í að möguleg hækkun á vöxtum leiði til hækkunar á fjármagnsliðum.

Næmnigreining á breytingum á vöxtum var gerð miðað við stöðu á fjáreignum og fjárskuldum í lok ársins. Næmnigreiningin gerir ráð fyrir að fjárhæð fjárskulda með breytilega vexti í lok árs sé eins allt árið. Miðað við 100 punkta hækkun á markaðsvöxtum og að allar aðrar forsendur séu óbreyttar þá breytist afkoma og eigið fé um 137 m.kr. eftir skatta. (2016; 97 m.kr.). Fjáreignir og fjárskuldir félagsins með fasta vexti eru ekki færðar á gangvirði og því ekki næmar fyrir breytingum á vöxtum.

### Gjaldmiðlaáhætta:

Félagið ber stærstu áhættu gagnvart EUR, USD, og DKK. Hluti af fjárfestingum félagsins er í erlendri mynt. Að minna marki hefur gengið áhrif á tekjur og rekstrargjöld félagsins. Í árslok 2017 voru engin (2016: 0%) af langtímalánum félagsins í erlendum gjaldmiðlum.

Eignir og skuldir félagsins í erlendri mynt miðað við gengi í lok árs má sjá í eftirfarandi töflu:

	Eignir		Skuldir	
	2017	2016	2017	2016
EUR .....	279	347	177	536
DKK .....	1	0	63	227
USD .....	149	9	717	765
Aðrir gjaldmiðlar .....	2	9	6	12
	<u>431</u>	<u>365</u>	<u>963</u>	<u>1.540</u>

Efnahagsreikningur Símans hf. er ekki viðkvæmur gagnvart flökki á gengi gjaldmiðla. Næmnigreining á gengisáhættu metur áhrif flökts gengis gjaldmiðla á útistandandi fjármagnsliði miðað við gengi við lok núverandi tímabils. Gert er ráð fyrir að allar aðrar breytur séu fastar. Áhrifin að teknu tilliti til skatta á afkomu og eigið fé eru 72 m.kr. (2016: 95 m.kr) hækkun/lækkun fyrir hvert 1% í hækkun/lækkun á gengi krónunnar.

### Lánsáhætta:

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi félagsins ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Áhætta félagsins gagnvart lánsáhættu er takmörkuð við fjárhagslegar eignir listaðar á efnahagsreikningi auk vissra ábyrgða. Félagið fylgist reglulega með þróun þeirra eigna sem tengjast útlánaáhættu. Viðskipakröfur félagsins eru á hendur fjöldamörgum viðskiptavinum sem dreifast á margar starfsgreinar og landssvæði. Viðskipakröfur eru ekki háðar fáum stórum viðskiptavinum.

## 25. Áhættustýring, frh.:

Hámarksútlánaáhætta greinist þannig:

	Mesta mögulega tap	
	2017	2016
Viðskiptakröfur .....	4.776	6.083
Handbært fé .....	718	3.667
Aðrar skammtímakröfur .....	148	247
Langtímakröfur .....	109	341
Ábyrgðir .....	19	19
	<u>5.770</u>	<u>10.357</u>

Meirihluti viðskiptakrafna félagsins eru til greiðslu innan 90 daga. Mynduð er niðurfærsla vegna áætlaðrar virðisrýrnunar viðskiptakrafna og annarra krafna. Niðurfærslan er í meginatriðum sérstök niðurfærsla vegna einstakra viðskiptamanna og sameiginleg niðurfærsla með tilliti til aldurs krafna, sem ekki hefur verið tengd einstökum viðskiptamönnum. Sameiginlega niðurfærslan er ákveðin með tilliti til innheimtusögu sambærilegra krafna.

Eftirfarandi tafla sýnir aldursdreifingu viðskiptakrafna sem komnar eru á gjalddaga að teknu tilliti til niðurfærslu.

	Nafnverð kröfu		Niðurfærsla	
	2017	2016	2017	2016
Ógjaldfallið .....	2.619	2.718	63	67
Gjaldfallið innan 30 daga .....	1.638	2.382	18	22
Gjaldfallið fyrir 31-60 dögum .....	206	250	37	47
Gjaldfallið fyrir 61-180 dögum .....	166	468	102	198
Gjaldfallið fyrir meira en 180 dögum .....	147	265	86	130
	<u>4.776</u>	<u>6.083</u>	<u>306</u>	<u>464</u>

Lánsáhætta vegna viðskiptavina er lítil þar sem að viðskiptamenn félagsins eru margir og ótengdir. Því telja stjórnendur félagsins ekki þörf á frekar varúðarfærslum umfram hefðbundnar niðurfærslur. Undir rekstrarkostnaði voru tekjufærðar 29 m.kr. vegna lækkunar á niðurfærslu krafna á árinu 2017 (2016: gjaldfærsla 114 m.kr.).

### Lausafjárahætta:

Lausafjárahætta er áhættan á því að félagið lendi í erfiðleikum við að mæta fjárhagslegum skuldbindingum sínum í náinni framtíð. Félagið mætir þessari áhættu með því að gera áætlanir um greiðslur og tryggja nægjanlega varasjóði. Eftirfarandi tafla greinir skuldbindingar félagsins eftir gjalddögum þeirra. Taflan miðar við ónúvirtar greiðslur og að greitt sé á fyrsta samningsbundna greiðsludegi. Vegið meðaltal fastra vaxta er 4% (2016: 4%) og vegið meðaltal fljótandi vaxta er 5,63% í enda árs 2017 (2016: 7,03%).

31. desember 2017	Bókf. verð	Innan árs	1-2 ár	2-5 ár	> 5 ár	Samtals
Langtímalán .....	17.931	2.117	2.068	5.763	16.060	26.008
Viðskiptaskuldir .....	4.738	4.738				4.738
Skuldir við lánastofnanir .....	500	500				500
	<u>23.169</u>	<u>7.355</u>	<u>2.068</u>	<u>5.763</u>	<u>16.060</u>	<u>31.246</u>
31. desember 2016	Bókf. verð	Innan árs	1-2 ár	2-5 ár	> 5 ár	Samtals
Langtímalán .....	22.944	2.808	2.752	7.786	21.346	34.692
Viðskiptaskuldir .....	5.718	5.718				5.718
	<u>28.662</u>	<u>8.526</u>	<u>2.752</u>	<u>7.786</u>	<u>21.346</u>	<u>40.410</u>

## Skýringar

### 25. Áhættustýring, frh.:

#### Gangvirði:

Það er mat stjórnenda að ekki sé verulegur munur á bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda og gangvirði þeirra í reikningskilunum.

### 26. Ábyrgðir og önnur mál

Félagið hefur lagt eignir að veði til að tryggja skuldbindingar vegna lána að fjárhæð 18.474 m.kr. (2016: 22.945 m.kr.) í árslok.

### 27. Rekstrarleigusamningar

Félagið hefur gert rekstrarleigusamninga sem ekki eru færðir í efnahagsreikning. Rekstrarleigusamningarnir eru vegna húsaleigu og bifreiða.

Rekstrarleigugreiðslur greinast þannig:	2017	2016
Innan árs .....	573	368
Eftir 1 - 5 ár .....	1.247	951
Meira en 5 ár .....	1.255	1.146
	<u>3.075</u>	<u>2.465</u>

### 28. Óvissa

Félagið stendur í málarekstri vegna mála sem snúa að túlkunum á fjarskipta, fjölmiðla- og samkeppnislögum. Fjarskipti hf. (Vodafone) hafa stefnt félaginu til greiðslu skaðabóta vegna meints ólögmeats verðþrýstings. Nemur stefnufjárhæð í málinu ríflega níu hundruð milljónum króna. Inter, sem eru samtök aðila er veita internetþjónustu, hafa sent kröfu og krafist skaðabóta að fjárhæð allt að þremur milljörðum króna vegna meintra brota á samkeppnislögum. Félög innan samtakanna hafa óskað eftir dómkvaðningu matsmanna. Einnig hafa félögin höfðað viðurkenningarmál gegn Símanum þar sem krafist er viðurkenningar á skaðabótaskyldu. TSC ehf. hefur stefnt félaginu til greiðslu skaðabóta vegna meintra brota á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 10/2015. Nemur stefnufjárhæðin rúmlega hundruð milljónum króna. Félagið hefur hafnað málatilbúnaði gagnaðila í öllum málunum og gagnstefnt Fjarskiptum hf.

Síminn og Vodafone hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni. Póst- og fjarskiptastofnun hefur verið með til meðferðar kvörtun Vodafone gegn Símanum vegna meintra brota á fjölmiðlalögum. Félagið telur að háttsemi þess sé í fullu samræmi við ákvæði fjölmiðlalaga. Í desember 2015 samþykkti Sýslumaður á höfuðborgarsvæðinu kröfu félagsins um að lagt yrði lögbann á Vodafone vegna dreifingar á myndefni með ólínulegum hætti. Félagið höfðaði í kjölfarið staðfestingarmál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Héraðsdómur samþykkti kröfu Símans þann 28. apríl síðastliðinn. Vodafone hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar.

Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárútláta vegna þeirra. Í þeim tilvikum sem talið er að félagið geti þurft að greiða bætur vegna málareksturs á hendur þess er sá kostnaður áætlaður af stjórnendum félagsins og færður í reikningskil þess.

### 29. Breytingar á samstæðu

On-Waves ehf. var sameinað móðurfélaginu Síminn hf. frá og með 1. janúar 2017. Í lok nóvember gerði félagið samkomulag við minnihlutaeigendur Sensa DK að þeir tækju við rekstrinum frá og með 1. desember 2017.

## Skýringar

### 30. Tengdir aðilar

Hluthafar sem hafa veruleg áhrif á starfsemi samstæðunnar, stjórnendur og stjórnarmenn og nánir fjölskyldumeðlimir þeirra og félög sem þeir ráða yfir teljast til tengdra aðila. Viðskiptum milli félaga sem innifalin eru í samstæðureikningi hefur verið eytt út í samstæðureikningi félagsins.

Laun og hlunnindi til stjórnar og stjórnenda félagsins vegna starfa fyrir félög í samstæðunni og eignarhlutir í félaginu greinast þannig:

#### Fyrir árið 2017:

	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Eignarhlutur beinn/óbeinn
<b>Laun og hlunnindi stjórnar og forstjóra</b>			
Sigríður Hrólfsdóttir, stjórnarformaður .....	9,4	0,9	0,1
Heiðrún Jónsdóttir, stjórnarmaður .....	5,2	0,6	0,1
Stefán Árni Auðólfsson, stjórnarmaður .....	5,0	0,5	0,1
Bertrand B. Kan, varaformaður .....	5,8	0,5	31,3
Birgir S. Bjarnason, stjórnarmaður .....	5,0	0,5	-
Sigurður Þórðarson, endurskoðunarnefnd .....	2,3	0,0	-
Orri Hauksson, forstjóri .....	48,2	5,1	46,9
	<u>80,9</u>	<u>8,1</u>	<u>78,5</u>

Aðrir framkvæmdastjórar innan samstæðunnar, samtals 6 aðilar, fengu greiddar 179,6 m.kr. í laun og aðrar launatengdar greiðslur. Þeir áttu samtals 31,3 m.kr. hluti í félaginu í árslok 2017.

#### Fyrir árið 2016:

#### Laun og hlunnindi stjórnar og forstjóra

Sigríður Hrólfsdóttir, stjórnarformaður .....	10,7	0,9	0,1
Heiðrún Jónsdóttir, varaformaður .....	6,1	0,6	0,1
Stefán Árni Auðólfsson, stjórnarmaður .....	4,7	0,4	0,1
Bertrand B. Kan, stjórnarmaður .....	3,2	0,3	31,2
Birgir S. Bjarnason, stjórnarmaður .....	3,8	0,3	-
Sigurður Þórðarson, endurskoðunarnefnd .....	2,1	0,0	-
Ingimundur Sigurpálsson, fyrrverandi varaformaður .....	1,3	0,1	-
Helgi Magnússon, fyrrverandi stjórnarmaður .....	0,9	0,1	-
Orri Hauksson, forstjóri .....	42,9	4,2	46,5
	<u>75,7</u>	<u>6,9</u>	<u>78,0</u>

Aðrir framkvæmdastjórar innan samstæðunnar, samtals 6 aðilar, fengu greiddar 177,5 m.kr. í laun og aðrar launatengdar greiðslur. Þeir áttu samtals 32,8 m.kr. hluti í félaginu í árslok 2016.

# Skýringar

## 31. Þóknun til endurskoðenda

Þóknun til endurskoðenda samstæðunnar sundurliðast þannig:

2017 2016

### Endurskoðun ársreiknings og könnun ársreiknings

KPMG Íslandi .....	19	19
Deloitte Danmörku .....	1	1
	<u>20</u>	<u>20</u>

### Önnur þóknun til endurskoðunarfyrtækja

KPMG Íslandi .....	6	4
Deloitte Íslandi .....	0	1
	<u>6</u>	<u>5</u>

Þóknun til endurskoðenda samstæðunnar samtals .....	<u>26</u>	<u>25</u>
---	-----------	-----------

## 32. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem krefjast lagfæringar eða breytingar á ársreikningi.

## 33. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

### 33.1. Samstæða

Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreiknings móðurfélagsins og dótturfélaga þess. Dótturfélög eru þau félög þar sem samstæðan fer með yfirráð. Yfirráð grundvallast af því hvort fjárfestir hefur ákvörðunarvald yfir fjárfestingunni, ber áhættu eða hefur réttinn til að njóta breytilegs ávinnings vegna þátttöku í fjárfestingunni og getur með ákvörðunarvaldi haft áhrif á ávinning sinn af fjárfestingunni.

Rekstrarniðurstaða keyptra eða seldra dótturfélaga er meðtalin í samstæðurekstrarreikningi frá og með kaupdegi eða fram að söluþegi eftir því sem við á. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til samræmis við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna.

### 33.2. Sameining félaga

Kaup á dótturfélögum eru færð samkvæmt kaupaðferð en í henni felst að eignir, skuldir og eiginfjárgæringar útgefnir af samstæðunni, sem látnir eru í skiptum fyrir yfirráð í keyptu félagi, eru metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptakostnaður tengdur kaupunum er færður í rekstrarreikningi á því tímabili sem hann fellur til.

Ef kaupin fela í sér óvissa greiðslu er eignin eða skuldin sem tengist kaupunum metin á gangvirði á kaupdegi og hluti kaupverðsins sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í eignum, skuldum og óvissum skuldum félaga á kaupdegi er færður sem viðskiptavild. Síðari breytingar á gangvirði slíkra eigna og skulda eru færðar til jöfnunar á kostnaði tengdum kaupunum þar sem þær uppfylla skilyrði um leiðréttingu á tímabilinu (sjá hér að neðan). Allar aðrar síðari breytingar á gangvirði óvissra eigna og skulda eru færðar í samræmi við viðeigandi IFRS staðal.

Matstímabilið er frá kaupdegi til þess dags er félagið hefur fengið fullnægjandi upplýsingar um aðstæður á kaupdegi, að hámarki 1 ár.

### 33.3. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Hlutdeildarfélög eru félög þar sem samstæðan er í aðstöðu til að hafa veruleg áhrif á stjórnun þeirra og eru hvorki dótturfélög né félög í samrekstri. Veruleg áhrif eru til staðar þegar samstæðan tekur þátt í ákvörðunum um fjármál og rekstur hlutdeildarfélaga.

### 33.3. Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum, frh.:

Gerð er grein fyrir eignarhluta í hlutdeildarfélagum með hlutdeildaraðferð. Samkvæmt hlutdeildaraðferðinni eru eignarhlutar í hlutdeildarfélagum færðir í samstæðureikningi á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap hlutdeildarféлага umfram hlutdeild samstæðunnar er aðeins gjaldfært hafi samstæðan gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.

Viðskiptavild er sá hluti kaupverðsins sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í eignum, skuldum og óvissum skuldum hlutdeildarféлага á kaupdegi. Viðskiptavildin er hluti af bókfærðu verði fjárfestingarinnar í samstæðunni og er metin með tilliti til virðisrýrnunar. Ef kaupverð reynist lægra en gangvirði eigna, skulda og óvissra skulda myndast neikvæð viðskiptavild sem er tekjufærð á kaupári.

Hagnaður eða tap af viðskiptum samstæðunnar í hlutdeildarfélagi er fært til samræmis við hlutdeild samstæðunnar í hlutdeildarfélaginu.

### 33.4. Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast við sameiningu er færð til eignar þann dag sem félagið nær yfirráðum í keyptu félagi (á kaupdegi). Viðskiptavild er mismunur á kaupverði dótturfélags og hlutdeildar í hreinni eign þess eftir að eignir og skuldir hafa verið metnar til gangvirðis á kaupdegi. Viðskiptavildin er færð í starfsrækslugjaldmiðli keyptu einingarinnar og uppreiknuð miðað við uppgjörsgengi í lok uppgjörstímabils.

Viðskiptavild er ekki afskrifuð heldur metin árlega með tilliti til virðisrýrnunar eða oftast ef vísbending um virðisrýrnun er til staðar. Við framkvæmd virðisrýrnunarprófs er viðskiptavildinni skipt niður á fjárskapandi einingar. Þær fjárskapandi einingar sem viðskiptavildinni hefur verið úthlutað á eru prófaðar með tilliti til virðisrýrnunar og ef bókfært verð er hærra en virði þeirra hefur virðisrýrnun átt sér stað. Hafi virðisrýrnun átt sér stað er viðskiptavild fyrst færð niður og síðar aðrar eignir sem tilheyra viðkomandi fjárskapandi einingu. Óheimilt er að bakfæra áður færða virðisrýrnun viðskiptavildar á síðari tímabilum.

Við sölu á dótturfélagi er fjárhæð viðskiptavildar, sem rekja má til þess, reiknuð inn í söluhagnað eða sölutap sem birt er í rekstrarreikningi.

Reglur félagsins um viðskiptavild í hlutdeildarfélagum þess, má sjá í lið 33.3 hér að framan.

### 33.5. Tekjur

Tekjur eru skráðar við afhendingu vöru eða þegar þjónustan hefur verið veitt, unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti og meginhluti áhættu og ávinnings flyst til kaupanda. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækinnar eða innheimtanlegrar greiðslu að frádregnum afsláttum og vöruskilum.

Megintekjuflokkar félagsins eru eftirfarandi: samtengingar- og reikitekjur, mánaðargjöld, stofngjöld, línuleigur, útseld vinna, auglýsingar í sjónvarpi og notendabúnaður.

Mánaðargjöld eru tekjufærð miðað við áskriftartímabil en tekjur vegna umferðar eru færðar miðað við raunverulega notkun viðskiptavina. Tekjum vegna fyrirframgreiddrar þjónustu er frestað þar til viðskiptavinur nýtir þá þjónustu sem hann hefur greitt fyrir.

Tekjur af vörusölu eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst til kaupanda.

Auglýsingatekjur í sjónvarpi eru færðar í rekstrarreikning þegar auglýsingar eru birtar. Tekjufærsla þeirra er gerð við fyrstu sýningu þrátt fyrir að sama auglýsing geti verið birt oftast en einu sinni vegna endursýninga á sjónvarpsþáttum. Sama regla gildir um kostun einstakra sjónvarpsþátta.

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsgengi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er.

### 33.6. Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og ávinnings af eignarréttindum er framseldur leigutaka. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar. Félagið er ekki með neina fjármögnunarleigusamninga.

### 33.6. Leigusamningar, frh.:

Greiðslur af rekstrarleigusamningum eru gjaldfærðar línulega á leigutímanum nema önnur kerfisbundin aðferð endurspegli betur ávinning af notkun eignarinnar. Óvissar leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

### 33.7. Erlendir gjaldmiðlar

Ársreikningar félaga innan samstæðunnar eru gerðir í þeim gjaldmiðli sem stærstur hluti starfseminnar heyrir undir, þ.e. starfsrækslugjaldmiðli. Við gerð ársreiknings samstæðu eru ársreikningar erlendra dótturfélaga umreiknaðir í íslenskar krónur sem er starfsrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill móðurfélagsins.

Við gerð reikningsskila hvers félags innan samstæðunnar eru viðskipti í öðrum gjaldmiðlum en starfsrækslugjaldmiðli færð á gengi hvers viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir eru færðar miðað við skráð gengi á reikningsskiladegi. Efnislegar eignir og skuldir metnar á kostnaðarverði eru færðar á upphaflegu skráðu gengi.

Við gerð samstæðuársreiknings eru eignir og skuldir erlendra félaga umreiknaðar á skráðu gengi reikningsskiladags. Tekjur og gjöld eru umreiknuð á meðalgengi ársins.

Við sölu erlendar rekstrareiningar er uppsafnaður gengismunur tengdur rekstrareiningunni í samstæðunni færður af eigin fé í rekstrarreikning. Þýðingarmunur sem búið var að ráðstafa til minnihluta er bakfærður en ekki gjaldfærður í rekstrarreikning.

Viðskiptavild og gangvirðisbreytingar vegna kaupa á erlendra starfsemi eru færðar á skráðu gengi reikningsskiladags.

### 33.8. Skattamál

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti.

#### Tekjuskattur til greiðslu

Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára. Skattskyldur hagnaður getur verið annar en reikningshaldslegur hagnaður. Reiknaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi á hverju skattasvæði.

#### Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur stafar af tímabundnum mismuni efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Tekjuskattsskuldbinding er uppreiknuð fyrir allan tímabundinn mismun. Tekjuskattseign er uppreiknuð að því marki sem metið er að nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna viðskiptavilda sem ekki er skattalega frádráttarbær.

Tekjuskattseign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Frestaður tekjuskattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbindingu er jafnað saman innan samstæðunnar þegar lagalegur réttur er til þess, þau varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum á sama fyrirtæki eða mismunandi fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

#### Skattar tímabilsins

Frestaður skattur er gjaldfærður í rekstrarreikningi nema þegar hann tengist liðum meðal eigin fjár en þá er hann einnig færður meðal eigin fjár.



### 33.9. Hagnaður á hlut

Í ársreikningnum er sýndur grunnhagnaður á hlut og þynntur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Grunnhagnaður á hlut er reiknaður sem hlutfall hagnaðar, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðalfjölda virkra hluta á árinu. Þynntur hagnaður á hlut er reiknaður með því að leiðrétta meðalfjölda virkra hluta vegna mögulegrara þynningar vegna hluta sem gæti þurft að gefa út í samræmi við kaupréttarsamninga starfsmanna.

### 33.10. Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast samstæðunni og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á upphaflegu kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum nýtingartíma eignarinnar að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Afskriftaraðferð, áætlaður nýtingartími og hrakvirði er endurmetið að minnsta kosti árlega.

Hagnaður eða tap vegna sölu varanlegra rekstrarfjármuna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söluþegi og er fært í rekstrarreikning.

### 33.11. Óefnislegar eignir

#### Keyptar óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum. Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætlaðum nýtingartíma eignarinnar. Áætlaður nýtingartími er endurmetinn í lok hvers reikningsskilatímabils.

#### Óefnislegar eignir sem myndast við sameiningu félaga

Óefnislegar eignir sem myndast í reikningsskilum við sameiningu félaga eru aðeins færðar ef þær eru aðgreinanlegar frá viðskiptavild. Við upphaflega skráningu eru þær færðar á kostnaðarverði á kaupþegi en við síðara mat eru þær færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisýrnum.

### 33.12. Virðisýrnum af öðrum eignum en viðskiptavild

Á reikningsskiladegi er bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna yfirfarið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisýrnum. Sé slík vísbending til staðar er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir er metið þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna.

Óefnislegar eignir sem hafa óendanlegan líftíma eru yfirfarnar í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisýrnum.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort gangvirði að frádregnum áætluðum sölukostnaði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarfjárstreymi sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er virði hennar fært niður í endurheimtanlegt virði. Tap vegna virðisýrnumar er fært í rekstrarreikning en hafi eignin verið endurmetin kemur virðisýrnumin fyrst til lækkunar á áður færðu endurmati.

Ef tap vegna virðisýrnumar snýst við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur en þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisýrnum að teknu tilliti til afskrifta. Bakfærsla virðisýrnumar færirst í rekstrarreikning nema viðkomandi eign hafi áður verið endurmetin, en þá er hækkingin færð sem endurmatshækkun.

### 33.13. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða söluverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Söluverð er áætlað söluverð að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

### 33.14. Skuldbindingar

Skuldbinding er færð þegar samstæðan ber lagalega eða líklega greiðsluskyldu vegna liðinna atburða og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti. Fjárhæð skuldbindingar er byggð á besta mögulega mati á skuldinni sem er fyrirbyggjandi á reikningssskiladegi. Ef skuldbindingin er metin út frá áætluðu framtíðarsjóðstreymi er skuldbinding færð miðað við núvirt áætlað sjóðstreymi.

Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er fjárhæð hennar færð til eignar.

### 33.15. Fjáreignir

Fjáreignum er skipt í eftirfarandi flokka: fjáreignir til sölu (e. available for sale) og lán og kröfur (e. loans and receivables). Flokkunin er ákveðin við upphaflega skráningu og fer eftir eðli og tilgangi fjáreignarinnar. Öll almenn viðskipti með fjáreignir eru skráð á viðskiptadegi. Með almennum viðskiptum er átt við kaup og sölu fjáreigna sem grundvallast af samningi eða markaðsvenjum um afhendingu eða móttöku fjáreigna innan tiltekins tíma.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga. Aðferð virkra vaxta felst í því að reiknað er endurgreiðsluvirði fjáreignar eða fjárskuldar og vaxtatekjum og vaxtagjöldum jafnað á líftímanum. Virkir vextir er sú ávöxtunarkrafa sem núvirðir áætlað sjóðstreymi eða tekjur yfir áætlaðan líftíma fjármálagernings, eða yfir styttra tímabil ef við á, þannig að það jafngildi bókfærðri fjárhæð fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar í efnahagsreikningi.

Vaxtatekjur eru færðar miðað við virka vexti fyrir alla fjármálagerninga aðra en þá sem skilgreindir eru sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

#### Lán og kröfur

Viðskiptakröfur, lán og aðrar kröfur sem hafa fastar greiðslur og eru ekki skráðar á virkum markaði eru flokkaðar sem lán og kröfur. Lán og kröfur eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti að frádreginni virðisrýrnun. Vaxtatekjur af lánnum og kröfum eru færðar miðað við virka vexti nema þegar vaxtatekjur eru óverulegar.

#### Virðisrýrnun fjáreigna

Á reikningssskiladegi er bókfært verð fjáreigna metið í þeim tilgangi að kanna hvort vísbending sé um virðisrýrnun. Virðisrýrnun hefur orðið ef vænt framtíðarsjóðstreymi miðað við upphaflega virka vexti er lægra en bókfært verð. Ef virðisrýrnun á ekki lengur við er hún bakfærð í rekstrarreikningi, þó aldrei umfram bókfært verð fyrir virðisrýrnun að teknu tilliti til afskrifta. Ákveðin tegund fjáreigna eins og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni. Eignasafn fjáreigna er metið til virðisrýrnunar ef einstakar eignir eru þess eðlis að þær verði ekki metnar hver fyrir sig. Þegar talið er að fjáreign til sölu hafi orðið fyrir virðisrýrnun er áður færður hagnaður eða tap meðal eigin fjár fært í rekstrarreikning.

#### Afskráning fjáreigna

Félagið afskráir fjáreignir aðeins þegar samningsbundinn réttur til framtíðarsjóðstreymis af fjáreigninni er ekki lengur til staðar eða þegar áhættan eða ávinningurinn af fjáreigninni flyst yfir á annað félag.

### 33.16. Fjárskuldir

#### Fjárskuldir

Fjárskuldir eru flokkaðar sem aðrar fjárskuldir.

#### Aðrar fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir, þar á meðal skuldir við fjármálastofnanir, viðskiptaskuldir og aðrar fjárskuldir eru upphaflega skráðar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta.

#### Afskráning fjárskulda

Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar. Hagnaður eða tap vegna afskráningar er fært í rekstrarreikning.

### 34. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem hafa ekki verið innleiddir

Nokkrir nýir alþjóðlegir reikningsskilastaðlar og endurbætur á stöðlum gilda fyrir reikningsár sem hefjast eftir 1. janúar 2018 og er heimilt að beita fyrir gildistöku þeirra. Samstæðan hefur ekki nýtt heimildirnar við gerð þessa samstæðureiknings.

#### 34.1. IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavinum

Samstæðunni ber að innleiða reikningsskilastaðal IFRS 15 fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar. Reikningsskilastaðallinn inniheldur nýja viðmiðun við skráningu tekna og kemur í stað reglna um tekjuskráningu sem áður var að finna í IAS 11 og IAS 18.

Búið er að fara yfir núverandi tekjuskráningu samstæðunnar og meta áhrif af innleiðingu staðalsins. Það er mat stjórnenda að áhrifin séu óveruleg og hafi ekki í för með sér breytingar á eigin fé samstæðunnar 1. janúar 2018.

#### 34.2. IFRS 16 Leigusamningar

Samstæðunni ber að innleiða reikningsskilastaðal IFRS 16 fyrir reikningsár sem hefjast eftir 1. janúar 2019. Reikningsskilastaðallinn breytir skráningu leigusamninga verulega og kemur í stað reglna um leigusamninga sem áður var að finna í IAS 17. Með nýjum staðli ber að færa rekstrarleigusamninga í efnahagsreikning samstæðunnar sem mun hækka fjárhæðir eigna og skulda. Rekstrarleigusamningar eru nú gjaldfærðir eftir því sem þeir falla til, en eignir og skuldir vegna réttinda og skuldbindinga samstæðunnar samkvæmt slíkum samningum hafa ekki verið færðir í efnahagsreikning.

Stjórnendur telja að innleiðing á staðlinum muni hafa umtalsverð áhrif á bæði rekstrar- og efnahagsreikning samstæðunnar. Félagið hefur ekki metið fjárhæðir í þessu samhengi en vísað er í skýringu 27 þar sem fram kemur að leiguskuldbindingar samstæðunnar nema 3.075 m.kr í árslok 2017.

#### 34.3. IFRS 9 Fjármálagerningar

Samstæðunni ber að innleiða reikningsskilastaðal IFRS 9 fyrir reikningsár sem hefjast 1. janúar 2018 eða síðar. Reikningsskilastaðallinn inniheldur nýja viðmiðun vegna flokkunar og mats fjáreigna, en flokkarnir verða þrjú: fjáreignir á kostnaðarverði, fjáreignir á gangvirði gegnum aðra heildarafkomu og fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur. Staðallinn gerir nýjar kröfur um flokkun og mat á fjármálagerningum sem og nýjar reglur um virðisrýrnun þeirra og auknar kröfur um upplýsingagjöf. Staðallinn kemur í stað reglna sem áður var að finna í IAS 39.

Það er mat stjórnenda að upptaka IFRS 9 muni ekki hafa verulegar breytingar í för með sér fyrir samstæðuna.

# Stjórnarháttayfirlýsing

## Umgjörð um stjórnarhætti

Stjórnarhættir hjá Símanum eru skilgreindir sem umgjörð utan um umsýslu og stjórnun fyrirtækisins og tæki til samskipta milli stjórnenda fyrirtækisins, félagsstjórnar, hluthafa og annarra hagsmunaaðila.

Stjórnarhættir Símans eru markaðir af lögum nr. 2/1995 um hlutafélög, samþykktum félagsins, starfsreglum stjórnar og siðareglum félagsins auk þess sem félagið hefur innleitt samkeppnisréttaráætlun í starfsemi sína sem er mikilvægur hluti af stjórnarháttum þess.

Stjórnarhættirnir taka mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtökum atvinnulífsins, 5. útgáfa 2015. Leiðbeiningar um um stjórnarhætti fyrirtækja má m.a. finna á vefsíðu Viðskiptaráðs Íslands, [www.vi.is](http://www.vi.is). Leiðbeiningum er fylgt með þeirri undantekningu að stjórn félagsins hefur ekki talið ástæðu til þess að setja á laggirnar tilnefningarnefnd.

Síminn leggur áherslu á góða stjórnarhætti og var útnefnt fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum árið 2015 af Rannsóknarmiðstöð um góða stjórnarhætti.

## Hluthafafundur

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum hluthafa þess. Aðalfundur félagsins skal halda fyrir lok maí ár hvert. Hlutabréf félagsins eru rafræn og skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands, sem jafnframt hýsir hlutaskrána. Hlutaskráin er aðgengileg hluthöfum á skrifstofu félagsins.

## Samþykktir

Samþykktir eru hluti af stofnskjölum hlutafélaga. Samþykktir Símans geyma m.a. reglur um tilgang félagsins, hlutafé, hluthafafundi, stjórn, ársreikninga og endurskoðun.

## Stjórn félagsins

Stjórn félagsins var skipuð þeim Sigríði Hrólfsdóttur formanni, Bertrand B. Kan varaformanni stjórnar, Heiðrúnu Jónsdóttur, Stefáni Árna Auðólfssyni og Birgi S. Bjarnasyni. Bertrand og Birgir voru fyrst kjörnir í stjórn félagsins á aðalfundi í mars 2016 en aðrir stjórnarmenn voru fyrst kjörnir í stjórn á árinu 2013.

Af samsetningu stjórnar má sjá að Síminn uppfyllti skilyrði hlutafélagalaga um kynjakvóta. Stjórn telur að samsetning hennar hafi samræmst starfsemi og stefnu félagsins þannig að henni var kleift að sinna málefnum félagsins af skilvirkni og heilindum.

Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli hluthafafunda með þeim takmörkunum sem leiða af lögum, samþykktum félagsins og starfsreglum stjórnar. Stjórnarformaður hefur tilteknu hlutverki að gegna sem mælt er fyrir um í starfsreglum stjórnar Símans og gert er ráð fyrir að hann sinni í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.

Sigríður Hrólfsdóttir, stjórnarformaður féll frá í janúar 2018 og tók Bertrand Kan við formennsku stjórnar frá þeim tíma og Heiðrún Jónsdóttir tók við sem varaformaður.

## Undirnefndir Símans

Hjá Símanum starfa tvær undirnefndir stjórnar, endurskoðunarnefnd og starfskjaranefnd. Tilnefningarnefnd er ekki starfandi í félaginu.

## Endurskoðunarnefnd

Hlutverk endurskoðunarnefndar er að tryggja áreiðanleika fjármálaupplýsinga til hluthafa, hafa umsjón með innri endurskoðun félagsins og bókhaldskerfi, svo og að leggja mat á vinnu fjármálastjórnenda fyrirtækisins og kjörins endurskoðanda. Hlutverk nefndarinnar nær til þeirra verkefna sem kveðið er á um í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði, Kauphöllinni (OMX) og Samtökum atvinnulífsins. Endurskoðunarnefnd er skipuð þremur nefndarmönnum að lágmarki. Nefndarmenn skulu búa yfir þeirri reynslu og þekkingu sem nauðsynleg er til þess að gegna störfum sínum.

Endurskoðunarnefnd skipa Sigurður Þórðarson, formaður, Stefán Árni Auðólfsson og Birgir S. Bjarnason. Endurskoðunarnefnd hélt 9 fundi árið 2017 og var mæting góð.

Starfsreglur endurskoðunarnefndar má nálgast á heimasíðu félagsins [www.siminn.is/forsida/fjarfestar/stjornarhaettir/stjornarhattarlysing](http://www.siminn.is/forsida/fjarfestar/stjornarhaettir/stjornarhattarlysing)

# Stjórnarháttayfirlýsing

---

## Starfskjaranefnd

Hlutverk starfskjaranefndar er að tryggja að starfskjör yfirstjórnenda taki mið af afkomu fyrirtækisins til langs tíma, frammistöðu þeirra sjálfra og hagsmunum hluthafa. Framkvæmdastjóri er ábyrgur fyrir starfskjörum annarra og ber honum að tryggja að starfskjör séu ávallt í samræmi við stefnu starfskjaranefndar. Stefna starfskjaranefndar er að tryggja að félaginu sé jafnan kleift að laða til sín og halda í starfi hæfum stjórnendum. Í þessu skyni ber nefndinni að ráðfæra sig við ytri ráðgjafa um starfskjör í sambærilegum fyrirtækjum þegar þörf krefur. Hlutverki nefndarinnar er ætlað að ná til þeirra verkefna sem kveðið er á um í Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja, 5. útgáfa 2015.

Starfskjaranefnd skipuðu Sigríður Hrólfsdóttir formaður nefndarinnar, Heiðrún Jónsdóttir og Bertrand Kan. Starfskjaranefnd hélt 6 fundi árið 2017 og var mæting góð. Við fráfall Sigríðar tók Heiðrún við formennsku í nefndinni.

Núgildandi starfskjarastefna var samþykkt á aðalfundi félagsins 2017. Starfskjarastefnu félagsins má nálgast á heimasíðu félagsins [www.siminn.is/forsida/fjarfestar/stjornarhaettir/stjornarhattarlysing](http://www.siminn.is/forsida/fjarfestar/stjornarhaettir/stjornarhattarlysing) Starfsreglur starfskjaranefndar má nálgast á heimasíðu félagsins [www.siminn.is/forsida/fjarfestar/stjornarhaettir/stjornarhattarlysing](http://www.siminn.is/forsida/fjarfestar/stjornarhaettir/stjornarhattarlysing)

## Árangursmat stjórnar

Stjórn félagsins framkvæmdi formlegt árangursmat á störfum og lauk því 19. febrúar 2018. Árangursmati er ætlað að bæta vinnubrögð og auka skilvirkni stjórnarinnar og meta störf undirnefnda stjórnar. Stjórn taldi að allir stjórnarmenn hefðu unnið störf sín af áhuga og samviskusemi. Alls voru haldnir 16 stjórnarfundir árið 2017 og var mæting á fundi góð og tóku allir stjórnarmenn virkan þátt í störfum stjórnarinnar. Stjórn fór yfir það hvernig henni tókst að uppfylla fjárhags- og starfsáætlun fyrir liðið starfsár.

## Samskipti hluthafa og stjórnar

Samskipti stjórnar við hluthafa eiga að einkennast af hreinskilni og vera skýr og samræmd. Beini hluthafar fyrirspurnum til stjórnar félagsins skal stjórn vera tilkynnt um þær og hafa yfirumsjón með viðbrögðum félagsins við þeim.

## Forstjóri Símans

Orri Hauksson var ráðinn forstjóri Símans hf. á árinu 2013. Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins og skal í þeim efnum fara eftir þeirri stefnu og fyrimælum sem stjórn hefur gefið. Forstjóri skal ávallt starfa af heilindum með hagsmunum félagsins að leiðarljósi.

Í framkvæmdastjórn Símans sitja auk forstjóra framkvæmdastjórar þeirra þriggja sviða sem félagið hefur á að skipa.

## Innra eftirlit og áhættustýring

Áhættustefna félagsins var staðfest á árinu 2016. Stefna félagsins um áhættustýringu hefur þann tilgang að viðhalda yfirsýn og viðeigandi stýringu áhættu í starfsemi Símans og dótturfélaga. Hjá hverju félagi innan samstæðunnar skal starfa öryggisráð eða sambærilegur vettvangur sem sér til þess að stefnunni sé framfylgt og að starfrækt sé stjórnskipulag áhættustýringar og samræmt áhættustýringarferli sem hentar umfangi viðkomandi fyrirtækis. Fyrirtækin skulu greina og meðhöndla áhættu í starfsemi sinni með reglubundnu áhættumati, markvissu eftirliti og aðgerðum. Stjórn og stjórnendur stýra áhættu félagsins í samræmi við áhættuvilja félagsins sem inniheldur áhættumörk sem félagið vill halda sig innan.

## Gildi félagsins

Gildi Símans eru skapandi, áreiðanleg og lipur.

## Samfélagsleg ábyrgð

Síminn er einn af stofnfélögum í Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð, frá árinu 2011 og á fulltrúa í stjórn. Áherslur Símans í samfélagsábyrgð eru örugg og fagleg þjónusta, mannauður, umhverfisvernd og samfélagsþátttaka. Unnið í samræmi við þessar áherslur á grundvelli tíu viðmiða UN Global Compact og staðalinn ISO 26000 um samfélagsábyrgð. Gerð er árleg framvinduskýrsla um aðgerðir og árangur í samfélagsábyrgð.

## Siðareglur

Félagið vinnur eftir siðareglum sem síðast voru endurskoðaðar og samþykktar 16. febrúar 2017.

# Ófjárhagslegar upplýsingar

---

## Um Símann

Síminn hf. er stærsta fjarskiptafyrirtæki á Íslandi og starfar á sviði fjarskipta, afþreyingar og upplýsingatækni. Símann hf. er í senn rekstrarfélag á sviði fjarskipta og tengdrar starfsemi og eigandi þriggja dótturfélaga: Mílu, Sensa, og Radíómiðunar. Símann er í fararbroddi á íslenskum fjarskiptamarkaði og veitir viðskiptavinum heildstætt vöruframboð á sviði fjarskipta, afþreyingar og upplýsingatækni, hvort sem um einstaklinga eða fyrirtæki er að ræða. Félagið er skráð á aðallista NASDAQ OMX Iceland og er eignarhald dreift.

## Umhverfismál

Síminn hefur ekki samþykkt umhverfisstefnu með formlegum hætti. Umhverfismál eru engu að síður ríkur þáttur í starfsemi félagsins og hugað er að umhverfinu í innkaupum, orku- og efnisnotkun sem og sorpvinnslu. Ýtt er undir umhverfisvæn vinnubrögð starfsfólks og eru ríflega 20% starfsmanna fyrirtækisins styrktir til að nýta vistvænar leiðir til að ferðast til og frá vinnu. Viðskiptavinir eru hvattir til til endurvinnslu á fjarskiptabúnaði og tekur Símann endurgjaldlaust við eldri símtækjum sem fara í endurnýtingu erlendis. Einnig skiptir Símann við samfélagslega ábyrgja birgja til að tryggja að markmiðin í umhverfisvernd náist. Félagið býður viðskiptavinum fjarskiptabjónustu sem sparar fólki ferðir og pappírnotkun og þannig dregið úr mengun og sorpi.

## Samfélagsleg mál

Síminn tekur virkan þátt í því samfélagi sem fyrirtækið starfar í og hluti af þeirri samfélagsþátttöku felst í framlögum til margvíslegra málefna. Við val á samfélagsverkefnum er áhersla lögð á að nýta þá þekkingu og þjónustu sem er til staðar innan fyrirtækisins og vinna að verkefnum sem tengjast kjarnastarfseminni. Styrkir eru því m.a. í formi þjónustu og þekkingarmiðlunar í fjarskiptum og upplýsingatækni. Stefna Símans er að leggja áherslu á að styrkja íslensk líkna- og góðgerðarfélög og hefur áætlun þar að lútandi verið samþykkt. Símann hefur um árabil styrkt starf íþróttafélaga víðsvegar um landið.

## Starfsmannamál

Síminn hefur sett sér starfskjarastefnu sem hefur það að markmiði við gerð samninga um starfskjör, að félagið sé samkeppnishæft um starfsfólk og stjórnendur. Til að svo megi verða vill félagið bjóða samkeppnishæf laun við það sem tíðkast hjá sambærilegum fyrirtækjum. Við ákvörðun um starfskjör er horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að jafnréttissjónarmiðum. Starfskjarastefnan er aðgengileg á vef félagsins, [www.siminn.is](http://www.siminn.is), en hún var samþykkt á aðalfundi Símans þann 16. mars 2017.

## Spillingar- og mútumál

Siðareglur Símans voru staðfestar af stjórn þann 16. febrúar 2016. Í þeim er kveðið á um með hvaða hætti Símann vill að starfsfólk komi fram við samstarfsmenn og viðskiptavini. Rík áhersla er lögð á trúnað í starfi og verndun upplýsinga. Siðareglur Símans eru starfsmönnum leiðbeinandi hvað varðar mögulega hagsmunaárekstra í starfi, mútugreiðslur, trúnað, meðferð upplýsinga og fylgni við lög og reglur.

## Mannréttindamál

Í siðareglum eru leiðbeiningar til starfsmanna um æskilega hegðun. Virðing, heiðarleiki, áreiðanleiki og kurteisi skulu einkenna öll samskipti við viðskiptavini, samstarfsmenn og aðra sem stofnað er til viðskiptasambands við. Öll áreitni, einelti auk mismununar á grundvelli kynferðis, aldurs, trúar, þjóðernis, kynþátta, fötlunar eða kynhneigðar er með öllu óheimil.

## Samfélagsleg ábyrgð

Áherslur Símans í samfélagsábyrgð eru nátengdar gildum Símans og stefnu félagsins í heild. Þær eru fjórþættar: Örugg og fagleg þjónusta, mannauður, umhverfisvernd og samfélagsþátttaka. Með áherslunum einsetur félagið sér ábyrgja starfshætti og að hafa langtímahugsun að leiðarljósi í störfum sínum. Símann fylgir samfélagsáttmála Sameinuðu þjóðanna og er eitt af sex stofnfélögum sem stofnuðu Festu, miðstöð um samfélagsábyrgð. Horft var til alþjóðlegra staðalsins ISO 26000 um samfélagsábyrgð við gerð stefnunnar sem er aðgengileg á vef félagsins: [www.siminn.is](http://www.siminn.is).

## Ársfjórðungsyfirlit - óendurskoðað

Ársfjórðungsyfirlit samstæðunnar er óendurskoðað. Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:

	1 F 2017	2 F 2017	3 F 2017	4 F 2017	Samtals
Sala .....	6.602	7.145	6.856	7.389	27.992
Kostnaðarverð sölu .....	( 3.246)	( 3.687)	( 3.380)	( 4.105)	( 14.418)
<b>Framlegð</b> .....	3.356	3.458	3.476	3.284	13.574
Aðrar rekstrartekjur .....	121	109	100	111	441
Rekstrarkostnaður .....	( 2.290)	( 2.289)	( 2.113)	( 2.404)	( 9.096)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....	1.187	1.278	1.463	991	4.919
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 207)	( 258)	( 315)	( 343)	( 1.123)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....	980	1.020	1.148	648	3.796
Tekjuskattur .....	( 206)	( 230)	( 243)	( 41)	( 720)
<b>Hagnaður ársins</b> .....	774	790	905	607	3.076
EBITDA .....	2.099	2.191	2.387	1.930	8.607

	1 F 2016	2 F 2016	3 F 2016	4 F 2016	Samtals
Sala .....	6.784	7.351	7.129	7.773	29.037
Kostnaðarverð sölu .....	( 3.665)	( 3.953)	( 3.467)	( 4.302)	( 15.387)
<b>Framlegð</b> .....	3.119	3.398	3.662	3.471	13.650
Aðrar rekstrartekjur .....	98	124	141	172	535
Rekstrarkostnaður .....	( 2.479)	( 2.490)	( 2.124)	( 2.466)	( 9.559)
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....	738	1.032	1.679	1.177	4.626
Hrein fjármagnsgjöld .....	( 296)	( 163)	( 269)	( 370)	( 1.098)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	0	0	0	( 1)	( 1)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....	442	869	1.410	806	3.527
Tekjuskattur .....	( 132)	( 153)	( 282)	( 205)	( 772)
<b>Hagnaður ársins</b> .....	310	716	1.128	601	2.755
EBITDA .....	1.605	1.954	2.583	2.103	8.245